


Alþingi  
Erindi nr. P 139/26  
komudagur 27.10.2010

Reykjavík 25. október 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á 2. mgr. 165. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, með síðari breytingu. Ég þakka það traust sem mér er sýnt með því.

Ég sé ekki að sú breyting sem þarna er lögð til felí í sér aukið gagnsæi á störfum og dómum Hæstaréttar. Ég tel að það hafi verið og sé ágreiningslaust að dómara Hæstaréttar beri ábyrgð á þeim dómum sem þeir staðfesta með undirskrift sinni undir dómsatkvæði í dómabók Hæstaréttar. Kemur það fram við birtingu dómanna. Breytingartillagan breytir að mínu mati engu um persónulega ábyrgð dómara á dómum sem þeir dæma

Ég hlýt sem fyrrverandi dómari við Hæstarétt Íslands að mótmæla þeirri tortryggni sem varpað er á störf réttarins á liðnum árum með ummælum þeim sem fram koma í 4. mgr. greinargerðar með breytingartillögunni.

Virðingarfyllt  
  
Guðmundur Jónsson

Til Allsherjarnefndar Alþingis.